

Selfossi, 27. apríl 2001

82. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands, haldinn mánudaginn 26. apríl 2001, kl. 12:30 í Kirkjuferjuháleigu.

Mætt: Karl Björnsson, Ágúst Ingi Ólafsson, Sesselja Jónsdóttir, Þorvarður Hjaltason, framkvæmdastjóri og Guðmundur Tr. Ólafsson, umhverfisfræðingur.
Auk þeirra voru viðstaddir 1. lið dagskrár Ólafur Ársælsson og Finnbogi frá Merkúr, Arnar Árnason, svæðisstjóri, Þórir Þórarinsson og Kristinn Sigtryggsson.

Dagskrá:

1. Afhending nýs troðara.

Forráðamenn Merkúr afhentu Sorpstöðinni nýjan sorptroðara af BOMAG gerð, sem kemur í stað BOMAG troðara sem notaður hefur verið með mjög góðum árangri undanfarin 5 ár. Fram kom hjá þeim Merkúrmönnum að umsjón og umhirða starfsmanna með vélinni hafi verið til algjörRAR fyrirmyndar. Stefnt er að sölu gömlu vélarinnar.

2. Kynningarmál – merkingar á gámasvæðum.

Guðmundur Tr. Ólafsson gerði grein fyrir hugmyndum um kynningarmál Sorpstöðvarinnar og samræmdum merkingum sem Fenúr hefur látið útbúa fyrir gámasvæði.

Samþykkt að gera kostnaðaráætlun fyrir merkingar á gámasvæðum allra aðildarsveitarfélaganna. Einnig samþykkt að endurútgefa bækling um flokkunarmöguleika og móttökustöðvar úrgangs á Suðurlandi.

Einnig kom fram að heimasíða Sorpstöðvarinnar hefur verið uppfærð og endurnýjuð. Slóðin er www.sudurland.is/sorpstod.

3. Aðalfundur Sorpstöðvar Suðurlands.

Samþykkt að halda aðalfundinn í Hveragerði miðvikudaginn 23. maí, kl. 14:00. Auk aðalfundarstarfa verður sérstaklega fjallað um sorphirðu sveitarfélaganna.

4. Önnur mál.

- Framkvæmdastjóri skýrði frá málefnum Kjötmjöls ehf. og viðræðum þess við ríkisvaldið um stuðning við fyrirtækið. Stjórn skorar á ríkisvaldið að koma fyrirtækinu til aðstoðar sem allra fyrst.
- Samþykkt að halda samráðsfund með Hollustuvernd og bæjarstjórn Ölfuss 8. maí nk. og fund með Bygginganefnd Ölfuss 10. maí nk.

Karl Björnsson
Þorvarður Hjaltason

Sesselja Jónsdóttir
Guðmundur Tr. Ólafsson

Ágúst Ingi Ólafsson

